

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu um skiptingu á 121**  
 kostnaði af sjóvegsflutningi þurfalings sýslna á milli. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 3. nóv. 9. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, beiðst úrskurðar míns um hvernig skipta beri niður á hlutaðeigandi sýslur kostnaðinum af sjóvegsflutningi, er fram fór vorið 1879 á vitskertum kvennmanni, Elsubjörgu Pálsdóttur, sem sveitlæg var í Álptaneshreppi í Mýrasýslu, með póstskipinu Diönu frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, og síðan úr póstskipinu á opnu skipi uppá Akranes áleiðis á sveit hennar.

Kostnaðurinn af sjóvegsflutningi þessum hefur verið sá, er nú skal greina:

|                                                                                                                                                                                       |                           |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------|
| 1. Fargjald m. fl. milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur . . . . .                                                                                                                       | 33 kr. 50 a.              |
| 2. Flutningur úr póstskipinu uppá Akranes . . . . .                                                                                                                                   | 14 — » -                  |
| 3. Borgun fyrir trjevirki, er haft var utanum vitfirringinn á sjóleiðinni frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, að frádregnum 6 kr. 95 a. sem það síðan seldist fyrir við uppboð . . . . . | 44 — 36 -<br>91 kr. 86 a. |

Þegar nú um skipting þessa kostnaðar á hlutaðeigandi sýslur er að ræða, samkvæmt opnu brjefi 17. apríl 1868, 2. gr., þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að það sje rjett álitíð af yður, að ofan nefndur sjóvegsflutningur eigi að skoðast hafa farið fram í tvennu lagi, nefnilega fyrst eptir ráðstöfun sýslumannsins í Norðurmúlasýslu frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, og síðan eptir ráðstöfun bæjarfógetans í Reykjavík þaðan til Akraness, en af því virðist mjer þá aptur leiða beinlínis, að Norðurmúlasýsla og Gullbringu- og Kjósarsýsla — en til hennar ber að telja Reykjavík í þessu sambandi, sbr. 1. gr. ofan nefnds opins brjefs — eigi að bera sinn helminginn hvor af kostnaðinum við flutninginn frá Seyðisfirði til Reykjavíkur og Gullbringu- og Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla á sama hátt kostnaðinn við flutninginn frá Reykjavík uppá Akranes.

Eptir þessu ber, eins og þjer einnig hafið álitíð, að skipta ofan nefndum flutningskostnaði þannig milli fyrnefndra 3 sýslna:

Borgarfjarðarsýslu ber að greiða  $\frac{1}{2}$  flutningskostnað milli Reykjavíkur og Akraness 7 kr. » a. Gullbringu- og Kjósarsýslu:

|                                                                                |                     |
|--------------------------------------------------------------------------------|---------------------|
| a) $\frac{1}{2}$ flutningskostnað milli Reykjavíkur og Akraness . . . . .      | 7 kr. » a.          |
| b) $\frac{1}{2}$ — — — — — Seyðisfjarðar og Reykjavíkur . . . . .              | 16 — 75 -           |
| c) helming kostnaðar af ofan nefnu trjevirki . . . . .                         | 22 — 18 - 45 — 93 - |
| Norðurmúlasýslu:                                                               |                     |
| a) $\frac{1}{2}$ flutningskostnað milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur . . . . . | 16 kr. 75 a.        |
| b) $\frac{1}{2}$ kostnað af trjevirkinu . . . . .                              | 22 — 18 - 38 — 93 - |

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumönnunum í Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu, og bið jeg yður að sjá um, að tjeðar sýslur endurgjaldi tafarlaust Norðurmúlasýslu það sem hún hefur ofborgað af hinum hjerumrædda flutningskostnaði samkvæmt ofantjeðri skiptingu.

**Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Islandi um bráðabirgðaruppbót til 2**  
 prestakalla. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, háæruverðugi herra, dagsett 3. þ. m., innihaldandi skýrslu þá, er jeg hafði um beið viðvíkjandi upphæð eptir- 122  
 4. nóv.